



FUNDARGERÐ – STJÓRNARFUNDUR

Fundarstaður: Skipulags- og byggingasvið Rvk., Borgartúni 12-14, fundarrými 6. hæð
Dagsetning: 5. mars 2011
Fundarmenn: Smári Þorvaldsson, SP
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, ÁS
Eyjólfur Bjarnason, EB
Jóhanna B. Hansen, JBH
Magnús K. Sigurjónsson, MKS

1. Efni og gögn frá fyrri stjórn

MKS sagði frá athugun sinni á gögnum félagsins sem eru í öllum meginatriðum í góðu horfi.

2. Heimasíða NBD

MKS skýrði frá athugunum á núverandi vef NBD. Forritið Frontpage sem notað er fyrir vef er gamalt og úrelt og því nauðsynlegt að fá nýjan vef. Til bráðabirgða hefur hann fengið aðstoð Skýrr. Samsíða þessu er í athugun lausn til frambúðar. Fyrir liggur tilboð frá Skýrr í slíkt kerfi á 207 þús. kr. m. vsk. sem nær til vefumsjónarkerfis með útliti sem verður aðlagð fyrir NBD auk mánaðargjalds 12.325 kr. m. vsk. fyrir leigu kerfis ásamt hýsingu á vef, vefþjóni og 500 MB. Eftir nokkrar vikur liggur fyrir frá Skýrr tilboð í ódýrara kerfi og mun MKS kynna það og hugsanlega aðra möguleika fyrir stjórn.

3. Fjármál

EB gjaldkeri kynnti fjármál NBD. Hann hefur breytt prókúru vegna reiknings í Íslandsbanka og á fundinum var einnig áritað vegna breytinga á prókúru reiknings í Lsb. Núverandi innistæða í Íslandsbanka er 2,5 m.kr. og í Lsb. 0,5 m.kr. Útsending reikninga til fulltrúa NBD á Íslandi verður í vor. Tillaga EB um að sameina reikningana svo og óbreytt fyrirkomulag endurskoðunar og bókhalds var samþykkt.

4. Styrkumsókn

Fyrri form. ráðlagði að sækja um styrk Norrænu ráðherranefndar vegna útgáfu NBD-rits og verður það kannað nánar.

5. Seminar í Reykjavík

Rætt var um námstefnu (seminar) sem áður var ráðgerð vorið 2011. Þótti það knappur tími og var ákveðið að fresta henni til haustsins. Rætt var um efni fyrirhugaðrar ráðstefnu. Samþykkt var að stjórnarmeðlimir kæmu með útspil um efni ráðstefnunnar og tók formaður að sér að eiga frumkvæði að því.

6. Ráðstefna í Finnlandi 1. - 3. september 2011

SP fór yfir atriði vegna ráðstefnunnar í Helsinki í haust, varðandi þátttöku, greiðslur NBD á Íslandi og bókun á ráðstefnuna. Allir stjórnarmenn reikna með að taka þátt og að makar komi einnig.

7. Ráðsfundur í Álandseyjum

SP fór yfir ákvörðunatriði vegna ráðsfundar í Álandseyjum 26. – 27. maí 2011. Formaður sækir fundinn og mun þar gera grein fyrir stöðu byggingarmála á Íslandi.

8. Aðstaða hjá Norræna félaginu

Rætt var um aðstöðuna hjá Norræna félaginu við Óðinstorg. Þar er félaginu heimilt að funda og geyma gögn sín. Ákveðið var að kaupa skáp fyrir félagið og var EB falið að annast það.

9. Önnur mál

Ákveðið var að stjórn og makar hittist í Fiskifélaginu að kvöldi þessa fundar.

Ritað MKS